



EFNI:

Fæðingar á Íslandi
2014 bls. 1

Reykingar og
tóbaksneysla á
Íslandi bls. 3

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

FÆÐINGAR Á ÍSLANDI 2014

Ein af þeim skráum sem landlæknir ber ábyrgð á, skv. [lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007](#), er fæðingaskrá. Vinnsluaðili fæðingaskrár er kvennasvið Landspítala og er það í samræmi við heimild í ofangreindum lögum.

Á vef Embættis landlæknis voru nýlega birtar [tölur um fæðingar](#) á Íslandi árið 2014. Tölurnar, sem byggja á gögnum fæðingaskrár, sýna að árið 2014 fæddust hér á landi 4.363 börn í 4.292 fæðingum. Þetta er svipaður fjöldi og árið 2013, en bæði fæðingum og fæddum börnum fækkaði hins vegar nokkuð miðað við árin þar á undan. Flestar fæðingar árið 2014 voru hjá konum á aldrinum 25–29 ára (1.370), eða 31,4% allra fæðinga, en næstflestar meðal kvenna á aldrinum 30–34 ára (1.274), ríflega 29% af heildarfjölda fæðinga. Einungis 1,9% fæðandi kvenna á Íslandi árið 2014 voru undir tvítugu og tæpur fimmtungur kvenna (19,6%) voru 35 ára og eldri.

Fæðingatiðni

Algengur mælikvarði í fjölbjóðlegum samburði er svokölluð fæðingatiðni. Þessi mælikvarði segir til um hlutfallið milli lifandi fæddra barna á árinu og meðalfjölda kvenna á aldrinum 15–44 ára. Fæðingatiðni árið 2014 var 65,3 lifandi fædd börn á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri. Fæðingatiðni á Íslandi var nokkru hærra áratuginn á undan og náði hápunkti árið 2009 þegar 74,5 lifandi börn fæddust fyrir hverjar 1.000 konur á aldrinum 15–44 ára (Tafla 1).

Fæðingarstaðir

Venju samkvæmt voru langflestar fæðingar á Landspítala, eða tæplega 74% (3.167), en næstflestar á Sjúkrahúsinu á Akureyri, ríflega 10% fæðinga (439). Þar fyrir utan voru flestar fæðingar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á

Akranesi (269) og á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi (103).


Fæðingar á Íslandi og fæðingatiðni

Ár	Fjöldi fæðinga ¹	Börn alls ²	Fæðingatiðni á 1000 konur
1995	4227	4314	71,1
1996	4292	4365	71,8
1997	4091	4184	68,7
1998	4143	4227	68,8
1999	4054	4145	66,8
2000	4269	4351	69,6
2001	4043	4113	65,3
2002	3977	4066	64,6
2003	4080	4158	66,3
2004	4187	4264	67,8
2005	4241	4313	68,2
2006	4344	4438	68,9
2007	4498	4578	70,0
2008	4783	4862	72,3
2009	4939	5013	74,5
2010	4834	4903	73,7
2011	4421	4480	67,8
2012	4450	4517	68,5
2013	4236	4307	65,0
2014	4292	4363	65,3

¹ Allar fæðingar á Íslandi, óháð því í hvort konan á lögheimili á Íslandi eða ekki þegar fæðing á sér stað.

² Lifandi fædd börn.

Tafla 1. Fæðingar á Íslandi og fæðingatiðni



Mynd 1. Hlutfall heimafæðinga af heildarfjölda fæðinga

Heimafæðingar voru 93 árið 2014, eða 2,2% allra fæðinga. Heimafæðingum á Íslandi hefur fjölgað nokkuð hratt undanfarna áratugi en árið 2004 voru þær 25, eða 0,6% af heildarfjölda fæðinga, og 9 árið 1994, eða 0,2% af öllum fæðingum (mynd 1).


Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

REYKINGAR OG TÓBAKSNEYSLA Á ÍSLANDI


Í tilefni Dags án tóbaks, 31. maí, eru nú birtar nýjar tölur um tíðni reykinga á Íslandi og notkun tóbaks í nef og vör. Árið 2012 var ákveðið að gera ítarlega könnun á notkun reyklauss tóbaks meðal Íslendinga, ásamt því að kanna með hefðbundum hætti tíðni reykinga. Þátttakendur voru rúmlega 3.000 manns 18 ára og eldri, á öllu landinu og var svarhlutfall 52,4%. Framkvæmdaraðili könnunarinnar var Gallup. Úrtak karla í könnuninni var óvenju stórt eða ¾ hlutar allra þátttakenda, einkum vegna spurninga um notkun reyklauss tóbaks í nef og

vör. Nú hefur þessi könnun verið endurtekin og eru hér birtar fyrstu niðurstöður um þróun reykinga og notkun á reyklusu tóbaki. Heildarniðurstöður verða svo kynntar innan skamms.


Árangur af tóbaksvarnastarfi undanfarna áratuga er landsmönnum ljós en reykingar hér á landi eru hvað minnstar í Evrópu. Frá árunum 2012 til 2015 hefur dregið úr daglegum reykingum Íslendinga 18 ára og eldri, úr 14,2% í 11,3%. Meira hefur dregið úr daglegum reykingum karla en kvenna, eða úr 16,1% í 11,3%. Daglegar reykingar kvenna hafa minnkað úr 12,4% árið 2012 í 11,3% árið 2015. Mest hefur dregið úr reykingum í yngri aldurshópnum, einkum hjá 18–44 ára körlum og 18–24 ára konum. Enn eru því reykingar langalgengastar hér á landi hjá fólki um og yfir fimmtugt (mynd 1). Í ljósi þess hve tíðni daglegra reykinga er hlutfallslega lág hér á landi í alþjóðlegum samanburði er það sérstaklega gleðilegt að þeim skuli enn fækka jafnt og þétt sem reykja á hverjum degi. Á mynd 2 má sjá þessa þróun yfir 30 ára tímabil, fyrir aldurshópin 18–69 ára eftir kyni.



Mynd 1. Daglegar reykingar 2015 eftir aldri og kyni



Mynd 2. Daglegar reykingar, 18–69 ára eftir kyni



Mynd 3. Dagleg notkun karla á tóbaki í vör

Tóbak í vör enn í sókn?

Síðustu ár hefur orðið vart við aukna neyslu á tóbaki í vör hér á landi, einkum í hópi ungra karlmannna. Milli árunna 2012 og 2015 varð óveruleg aukning á heildartíðni notkunar tóbaks í vör hjá körlum en heildarnotkun hjá konum er áfram mjög lág og verður ekki lýst nánar hér. Dagleg notkun tóbaks í vör er þó mjög breytileg eftir aldri. Dagleg notkun eykst til að mynda enn hjá yngsta aldurshópi karla (18–24 ára), eða úr 15% árið 2012 í 23% árið 2015. Könnunin sýnir hins vegar minni daglega notkun tóbaks í vör hjá þeim sem eldri eru, frá 25 ára aldri (mynd 3).

Tíðni daglegrar neyslu tóbaks í nef hefur heldur aukist, eða úr 1,9% árið 2012 í 3,4% árið 2015 og dreifist sú aukning nokkuð jafnt á aldurshópum 18–44 ára. Tíðni daglegrar notkunar á tóbaki í nef er um og yfir 10% hjá þessum aldurshópum. Hjá elstu aldurshópunum dregur úr notkun tóbaks í nef. Niðurstöður þessarar könnunar eiga eftir að birtast í heild með ítarlegri túlkun en ljóst er að fyrri viðvaranir vegna notkunar á reyklösu tóbaki hér á landi eru enn í fullu gildi.

Viðar Jensson
Lilja Sigrún Jónsdóttir